

Alþingi
Erindi nr. P 142/206
komudagur 2.10.2013



HVERAGERÐISBÆR

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Hveragerði, 1. október 2013

Í bréfi frá 23. september s.l. óskar nefndasvið Alþingis eftir umsögn sveitarfélagsins um þingsályktunartillögu um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum.

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 1. október 2013 var eftirfarandi fært til bókar.

Bæjarráð er sammála því sjónarmiði að skipta þarf tekjum sem myndast vegna náttúruauðlinda þjóðarinnar með sem réttlátustum hætti milli íbúa landsins. Aftur á móti getur bæjarráð ekki annað en gert athugasemdir við það sjónarmið sem fram kemur í tillögunni að einungis íbúar í sjávarútvegssveitarfélögum og orkusveitarfélögum skuli njóta arðs af auðlindum sem sannarlega eru í sameiginlegri eigu okkar allra. Þeim arði þarf að skipta með þeim hætti að allir íbúar landsins fái þar hlutdeild óháð búsetu þeirra.

Virðingafyllst




Aldís Hafsteinsdóttir

Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar